

- 1) til styrktar menntunar í framhaldsskólum,
- 2) til styrktar vegna veikinda, fátæktar, slysa eða annarra óhappa, er fyrir kunna að koma,
- 3) til styrktar búnaðarframkvæmda á Vöglum, meðan einhver af ættingjum stofnandans hefir þar búsetu.

Skal styrkjum úr sjóðnum varið til sonarbarnanna sem jafnast í framangreindu skyni.

Til annarra afkomenda stofnanda skal varið fé í sama tilgangi, sem að ofan greinir, efir því sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

Hlutaðeigandi ættingjar skulu sækja skriflega til sjóðsstjórnarinnar um styrk úr sjóðnum í framangreindum tilgangi hans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, 2 þeirra kosnum af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til 4 ára í senn, en sýslumaður Skagafjarðarsýslu skal vera sjálfkjörinni í stjórnina. Stjórnin skipar sjálf með sér verkum.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslusjóðsreikninga Skagafjarðarsýslu.

Skal birta reikninga sjóðsins með sýslufundargerðum.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Nemendasjóðs Menntaskólans á Akureyri 1972, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1972. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Nemendasjóðs Menntaskólans á Akureyri 1972.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Menntaskólans á Akureyri og er arftaki Nemendasjóðs Möðruvallaskóla, sem stofnaður var á Möðruvöllum í Hörgárdal á Sumardaginn fyrsta 1890.

2. gr.

Sjóðurinn er ætlaður til styrktar reglulegum nemendum Menntaskólans á Akureyri.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólameistara, og fer með hann eftir sömu almennum reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn. Skólameistari er sjálfkjörinn formaður, en auk hans eru í stjórn tveir kennarar, valdir af kennarafundi og fjórir nemendur kjörnir á ársfundi sjóðsins (sbr. 8. gr.).

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en hann er höfuðstóll sjóðsins, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 1 251 187.90 — ein milljón tvö hundruð fimmtíu og

eitt þúsund, eitt hundrað áttatíu og krónur, níutíu aurar —, svo og gjafir og skuldbindingargjöld, er sjóðnum berast, sem leggist óskert í sjóðinn ásamt þeim hluta árstekna, sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni (sbr. 9. gr.).

6. gr.

Allir kennarar og nemendur skólans greiði árstíllag til sjóðsins, er sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.

7. gr.

Sjóðnum heyrir til skuldbindingabók, sem nemendum gefst kostur á að skrá í loforð um tillög til sjóðsins eftir brottför sína úr skólanum. Skal skólameistari sjá um, að efstu bekkingar skólans fái ár hvert tækifæri, til að skrá sig í bókina ásamt skuldbindingagjöldum sínum.

8. gr.

Ársfund sjóðsins skal halda fyrsta vetrardag ár hvert. Skulu þá innheimt árgjöld kennara og nemenda. Þá skulu reikningar sjóðsins lesnir. Einnig skal þá skýrt frá stofnun hans og skipulagsskrá og skuldbindingabók, og kosnir fjórir nemendur í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í maímánuði ár hvert. Ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni, hve miklum hluta vaxta og árstíllaga skuli úthlutað. Þó skal aldrei minna en helmingur árstíllaga leggjast við höfuðstólinn.

10. gr.

Með skipulagsskrá þessari er Stofnunarskrá Nemendasjóðs Möðruvallaskóla úr gildi felld, svo og allar aðrar samþykktir um meðferð sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Nemendasjóðs Menntaskólans á Akureyri 12. maí 1972.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Varmahlíðar í Seyluhreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Varmahlíðar, heimili þess og varnarþing er í Varmahlíð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá húsum á félagssvæðinu fyrir köldu vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru forráðamenn og eigendur eftirtalinna húsa: Hótel Varmahlíð, Miðgarður, Laugarbrekka, Sjónarhóll, K.S. Varmahlíð, Hvannahlíð, Sunnuhlíð, Birkimelur, Fagrihvoll, Lundur, Viðimelur, Sundlaugin Varmahlíð, Úthlíð, Benzínsala Skeljungs, Þvottahús Seyluhrepps, auk þess hús Guðmundar Márussonar, hús Reynis Pálssonar og hús Knúts Ólafssonar, sem nú eru í byggingu.